

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *46. fundur.*

að Hlíðavegi 6, MIÐVIKUDAGINN 12. des. 2012, kl 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fjárhagsáætlun 2013, seinni umræða.
3. Þriggja ára fjárhagsáætlun, seinni umræða.
4. Grænfáni Reykjahlíðarskóla.
5. Aðalskipulag Skútustaðahrepps, umsögn Þingeyjarsveitar.
6. Fundargerð Atvinnumálanefndar dags. 29. nóv.
7. Fundargerð Félagsmálanefndar dags. 10. des.
8. Bréf frá Skipulagsstofnun, matslýsing vegna Dettifossvegur nr.862.
9. Erindi frá Landsvirkjun v/vinnubúða í Bjarnarflagi.
10. Fundargerð Héraðsnefndar Þingeyinga frá 21. nóv.
11. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 19. nóv.
12. Fundargerð Skólanefndar dags. 1. okt.
13. Fundargerð Skólanefndar dags. 3. des.
14. Gjaldskrár.

Til kynningar:

Afrit af bréfi Náttúruvannsóknarstöðvar v/Mývatn, dags 25. nóv. 2012

Bréf frá Innanríkisráðuneytinu dags 29. nóv. 2012

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 11, 12,13 og 14 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Fjárhagsáætlun 2013, seinni umræða.

Eftirfarandi breytingar voru gerðar við fjárhagsáætlunina við síðari umræðu.

		d	k
04	Fræðslu- og uppeldismál	400.000	
06	Æskulýðs- og íþróttamál	2.000.000	
21	Sameiginlegur kostnaður	200.000	
31	Eignasjóður	6.150.000	6.000.000
57	Leiguíbúðir	900.000	
		9.650.000	6.000.000

Gert er ráð fyrir að heildartekjur sveitarsjóðs (samstæðunnar) verði 334,8 millj. og gjöldin 323,8 millj. Að teknu tilliti til fjármagnsliða er áætlaður tekjuafgangur 6,9 millj.

Heildarfjárfestingaráætlun fyrir 2013 er um 34 millj.

Samkvæmt niðurstöðum fjárhagsáætlunar eru 30,2 milljónir króna handbærar frá rekstri á árinu 2013.

Oddviti gerði að tillögu sinni að fjárhagsáætlunin yrði samþykkt.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlunina samhljóða.

3. Þriggja ára fjárhagsáætlun, seinni umræða.

Þriggja ára fjárhagsáætlunin rædd. Gert er ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu öll árin. Inní þessari áætlun er gert ráð fyrir 35 millj. kr. framkvæmdum á ári, árin 2014 og 2015.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlunina samhljóða.

4. Grænfáni Reykjahlíðarskóla.

Með bréfi vekur Ingibjörg Björnsdóttir f.h. nemenda og starfsfólks Reykjahlíðarskóla athygli sveitarstjórnar á grænfánaverkefni skólans. Í því fellst m.a. að allt sorp úr skólanum er flokkað eins og kostur er. Betur má ef duga skal og áhugi er fyrir því að flokka sorp enn meira en nú er gert. Þeim finnst slæmt að þurfa að henda fernum, krukum, blöðum og fl. í ruslatunnuna vitandi að t.d. á Akureyri og Húsavík eru þó nokkrar flokkunarstöðvar þar sem tekið er við alls konar endurvinnanlegu efni. Bent er á að nú standi yfir úttekt Landverndar og spurning um hvort skólinn fái að halda grænfánum. Við síðustu úttekt árið 2012 var gerð athugasemd þar sem sveitarfélagið var ekki talið bjóða uppá nógu fjölbreytta flokkun. Og nú velta þau fyrir sér hvort skólinn haldi fánanum þar sem lítið hefur breyst í sorphirðu/flokkunarmálum hér í sveit.

Sveitarstjórn tekur undir réttmæta gagnrýni nemenda og starfsfólks Reykjahlíðarskóla en því er til að svara að sorpmál Þingeyinga eru í heildarendurskoðun og vonandi liggur einhver niðurstaða fyrir fljótlega á nýju ári.

5. Aðalskipulag Skútustaðahrepps, umsögn Þingeyjarsveitar.

Eins og fram kemur í bréfi dags. 30. nóvember gerir sveitarstjórn Þingeyjarsveitar ekki athugasemdir við tillögu að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 að öðru leyti en því að benda á að sveitarfélagamörk Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps í Gjástykki við Gæsafjöll eru í dómsmeðferð.

6. Fundargerð Atvinnumálanefndar dags. 29. nóv.

Í öðrum lið fundargerðarinnar segir að borist hafi einn fjallskilareikningur og einungis tvær gangnaskýrslur. Nefndin hvetur gangnaforingja til að skila skýrslum eins og vera ber. Girðingagjald vegna ársins 2012 er kr. 271,-. Varðandi dagsverk var ákveðið að sleppa gangnaskyldu á kind þetta árið þar sem flestir bændur gengu meira en á þá var lagt skv. gangnaseðli.

Undir þriðja lið mættu gangnaforingjar til fundarins. Ræddir voru atburðir haustsins og hvort draga megi af þeim einhvern lærdóm eða hvort breyta mætti smalfyrirkomulagi þar sem sum svæði eru auðveldari yfirferðar en önnur. Þá kemur fram að stefnt skuli að því að réttardagur 2013 verði 1. september. Jafnframt var rædd sú hugmynd að ákveða réttardaga 5 ár fram í tímann. Upp kom hugmynd um að setja fastan sleppidag á vorin og spunnust heilmiklar umræður vegna þess. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að óska eftir því við Vegagerðina að hún girði meðfram vegum í Mývatnssveit sem og austur fjöllin að Jökulsá. Þá bendir nefndin á að skrifstofu þurfi að berast upplýsingar um það fé sem kemur úr Fellum og Grafarlöndum þar sem sérstök gjaldskylda er á því fé.

Í fjórða lið beinir Atvinnumálanefnd því til sveitarstjórnar að huga að viðhaldi húseigna sveitarfélagsins og þá sérstaklega Skjólbrekku. Sveitarstjórn samþykkir fundargerð Atvinnumálanefndar.

7. Fundargerð Félagsmálanefndar dags. 10. des.

Í fyrsta lið fundargerðarinnar er tekin fyrir styrkbeiðni vegna „Fjárlaganámskeiðs“ sem haldið var í Skjólbrekku 10. nóv. Óskað var eftir 75. þús. kr. styrk ásamt vinnuframlagi tónlistarskólastjóra. Nefndin samþykkti í tölvupósti 29. okt. að beina því til sveitarstjórnar að styrkja námskeiðið um kr. 50. þús. ásamt umbeðnu vinnuframlagi.

Í öðrum lið er sagt frá því að í kjölfar hamfaraveðursins í byrjun september hafi verið haft samband við sveitarstjóra og oddvita um þann möguleika að halda styrktartónleika í Mývatnssveit. Kristján Jóhannsson söngvari vildi sýna hug sinn í verki og safna fé handa þeim bændum á Norðurlandi sem orðið hefðu fyrir tjóni vegna veðursins. Nefndin tók þetta verkefni uppá sína arma og lagði mikla vinnu í undirbúning og skipulagningu tónleikanna sem vera áttu 3. nóv. Þeim þurfti hins vegar að fresta vegna veðurs en vinna nefndarinnar nýttist til undirbúnings samstöðutónleika sem haldnir voru í Hofi 18. nóv.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar á fyrsta lið fundargerðarinnar, annar liðurinn þarfnast ekki ályktunar við.

8. Bréf frá Skipulagsstofnun, matslýsing vegna Dettifossvegar nr.862.

Samþykkt að vísa erindinu til Skipulags- og umhverfisnefndar.

9. Erindi frá Landsvirkjun v/vinnubúða í Bjarnarflagi.

Samþykkt að vísa erindinu til Skipulags- og umhverfisnefndar.

10. Fundargerð Héraðsnefndar Þingeyinga frá 21. nóv.

Í fundargerð Héraðsnefndar eru teknar fyrir fjárhagsáætlanir Menningarmiðstöðvar Þingeyinga og Héraðsnefndar Þingeyinga. Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlanirnar.

11. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 19. nóv.

Í fyrsta lið fundargerðarinnar er tekið fyrir að nýju erindi frá Péttri Snæbjörnssyni þar sem hann óskar eftir endurnýjaðri heimild til deiliskipulagsgerðar í landi Reykjahlíðar skv. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 123/2010. Nefndin bendir á að skv. 3. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2010, þurfi að leita umsagnar skipulagsstofnunar og umsagnaraðila og kynna skipulagslýsinguna fyrir almenningi áður en endanlega deiliskipulagstillaga verður tekin til meðferðar í Skipulags- og umhverfisnefnd.

Í öðrum lið kemur fram að Pétur Snæbjörnsson hafi óskað eftir að tekin yrðu til umræðu í nefndinni tjöldun utan skipulagðar tjaldstæða og merkingar. Nefndin samþykkti að fresta þessari umræðu til næsta fundar.

Í þriðja lið er tekin fyrir tillaga að deiliskipulagi vegna stækkunar Kröfluvirkjunar. Tillagan var tekin fyrir á síðasta fundi nefndarinnar og við hana gerðar nokkrar athugasemdir. Nú hefur verið brugðist við þeim og uppdættir og greinargerð leiðrétt. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan, forsendur hennar og umhverfismat verði kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum skv. 4. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2010, áður en hún verður tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn. Í fjórða lið er tekið fyrir erindi frá Sigurði T. Kristjánssyni, Stöng þar sem hann óskar eftir að stofnuð verði sérstök lóð undir vélageymslu í landi Stangar. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og að byggingafulltrúa verði falið að stofna lóðina.

Undir fimmta lið fór skipulagsfulltrúi yfir skýrslu sem unnin var eftir vettvangsferð í kringum Mývatn og í þéttbýlið í Reykjahlíð sem hann fór í ásamt byggingarfulltrúa, heilbrigðisfulltrúa og slökkviliðsstjóra í okt. s.l. Nefndin fagnar farmkominni skýrslu og leggur til við sveitarstjórn að henni verði dreift inn á öll heimili í Mývatnssveit, jafnframt því sem gripið verði til viðeigandi ráðstafana gagnvart þeim sem hluta eiga til að bæta ásýnd og umhverfi sveitarfélagsins.

Í sjötta lið er tekin fyrir erindi frá Árna Gunnarssyni yfirverkefnisstjóra Landsvirkjunar þar sem óskað er eftir heimild til að vinna tillögu að deiliskipulagi efnistökusvæðis í Sandskarði sunnan Svarthóls. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að Landsvirkjun verði heimilað að láta vinna umrætt deiliskipulag í samráði við landeigendur. Nefndin telur hins vegar að þar sem allar meginforsendur skipulagsins liggja ekki fyrir í drögum að aðalskipulagi sé nauðsynlegt að láta vinna skipulagslýsingu skv. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2010, áður en deiliskipulagstillagan verði tekin til umfjöllunar í nefndinni.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar á öllum liðum fundargerðarinnar.

12. Fundargerð Skólanefndar dags. 1. okt.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að Þóra, leikskólastjóri hafi mætt til fundarins og farið fyrir leikskólastarfið. 16 börn eru í leikskólanum í vetur. Auk hefðbundins skólastarfs, kemur tónlistarkennari einu sinni í viku og jafnframt hefur verið óskað eftir tíma í íþróttamiðstöð en ekkert svar komið við því. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að leysa það mál. Þá kemur fram að leikskólalóðin sé ekki fullfrágengin.

Undir þriðja lið gerði Hjördís, tónlistarskólastjóri grein fyrir skólastarfinu í vetur. 17 nemendur eru skráðir í skólann. Auk hennar kennir Bóas Gunnarsson við skólann, einn dag í viku.

Undir fjórða lið gerði Sólveig, skólastjóri grein fyrir starfi Reykjahlíðarskóla. 41 nemandi er við skólann í vetur. Þá kemur fram að Davíð Örvar Hansson hafi verið ráðinn nýr inn sem stuðningsfulltrúi, auk Þuríðar Helgadóttur, smíðakennara og Bjarna Páls Vilhjálmssonar, íþróttakennara en tvö þau síðartöldu eru ráðin fram að áramótum. Þá er þess getið að verið sé að vinna námsmat samkvæmt nýrri námsskrá. Í fimmta lið er sagt frá því að Friðrik komi með uppkast að skólastefnu sveitarfélagsins til yfirlestrar á næsta fund.

Ekkert í fundargerð Skólanefndar þarfnast ályktunar við.

13. Fundargerð Skólanefndar dags. 3. des.

Undir öðrum lið mætti Hjördís tónlistarskólastjóri og upplýsti nefndarmenn um tónlistarskólastarfið.

Í þriðja lið er rætt um grunnskólastarfið. Þá kom fram að nemendum 9. og 10. bekkjar hefur verið boðið til þátttöku í Umhverfissráðstefnu 2.-6. júní 2013. Jafnframt var komið inná væntanlegt skólaferðalag til Austurríkis en fjáröflun vegna þess gengur vel. Niðurstöður úr samræmdum prófum verða ekki gefnar út opinberlega vegna fámennis en nemendur skólans stóðu sig með mikilli þryði.

Í fjórða lið er komið inná málefni leikskólans en ekki hefur verið ákveðið með heilsársopnum leikskólans árið 2013.

Ekkert í fundargerð Skólanefndar þarfnast ályktunar við .

14. Gjaldskrár.

Sveitarstjórn samþykkir 5% hækkun á öllum gjaldskrár nema gjaldskrá fyrir sorp sem hækkar um 15%.

Gjaldskránum vísað til síðari umræðu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Karl Emil Sveinsson,

Eyrún Björnsdóttir,

Friðrik K. Jakobsson.